

**L Ö G****5**

5. jan.

um viðauka við lög nr. 81 23. júní 1932, um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Störmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

**1. gr.**

Auk þeirra 125 þús. kr., sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 81 23. júní 1932, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 50 þús. kr. lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík, gegn bakábyrgð Reykjavíkurbæjar, enda sé tryggt, að forráðamenn þeirra skipa, sem upp eru tekin á brautina, geti ráðstafað öllum aðgerðum á þeim eftir eigin vild.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 5. janúar 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*